



Sjálfsmatsskýrsla Kársnesskóla

2024 – 2025



Sjálfsmatsteymi: Gylfi Freyr Gröndal, Sif Garðarsdóttir

Ábyrgðaraðili: Björg Baldursdóttir skólastjóri

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	3
Um Kársnesskóla	4
Skólastefna Kársnesskóla	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	13
Langtímaáætlun um innra mat	21
Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins 2024-2025.....	23
Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins 2025.....	24
Umbótaáætlun og mat fyrir Kársnesskóla 2024 – 2025	25
Áætlun um umbætur fyrir 2025 – 2026	29

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 er öllum grunnskólum skylt að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat á helstu þáttum í skólastarfi. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfi og skapa þannig grunn að úrbótum. Sjálfsmatið er langtímamiðað og er því í stöðugri endurskoðun og með því fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Með sjálfsmati skóla miðlum við þekkingu á skólastarfi sem er stór liður í vexti og þróun hvers skóla fyrir sig. Hér er gerð grein fyrir sjálfsmatsaðferðum skólans frá haustinu 2016 til loka skólaársins 2025. Tilgangurinn er að auka skilvirkni í umbótastarfi skólans. Matið er árangursmiðað þar sem upplýsingar og niðurstöður eru nýttar til að endurskipuleggja og bæta skólastarfið.

Skólaárið 202 – 202 var að mörgu leyti gott skólaár og hægt var að sinna skólastarfi með nokkuð hefðbundnum hætti. [Hér](#) má nálgast grunnskólalögin, einungis þurfti að loka skólanum í hálfan dag vegna óveðurs.

Starfsmenn Menntamálastofnunar gerðu úttekt á starfsemi Kársnesskóla á vormisseri 2016. Meginmarkmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans út frá gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá. Í skýrslunni var bent á ótal marga jákvæða þætti um styrkleika starfseminnar sem og tillögur til úrbóta. Í umbótaáætluninni sem gerð var í kjölfarið var ákveðið að taka fyrir alla þá þætti sem bent var á í skýrslunni sem tækifæri til umbóta. Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann en ljóst er að úrbóta er þörf sérstaklega varðandi áætlun og vinnu við innra mat í Kársnesskóla. Haustið 2016 var sett saman fjögurra manna teymi um innra mat skólans sem vann eftir þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni. Í því teymi áttu sæti fulltrúar kennara á yngsta- og miðstigi, þær Hjördís Bára Gestsdóttir og Björg Eiríksdóttir. Fulltrúi annarra starfsmanna var Vala Nönn Gautsdóttir bókasafnsfræðingur og tölvuumsjónarmaður ásamt Björgu Baldursdóttur skólastjóra. Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri hefur einnig komið að vinnu við umbótaáætlunina ásamt fjölmörgum öðrum. Umbótaáætlunin sýndi þá þætti sem skólastjórnendur Kársnesskóla og innra mats teymið töldu að setja ætti í forgang á skólaárinu 2016 – 2017. Aðrir þættir sem bent var á til úrbóta í skýrslunni voru settir fram í umbótaáætlun skólans á næstu tveimur skólaárum.

Frá árinu 2012 hefur Kársnesskóli notast við matstækið „Skólapúlsinn“ sem er þróunarverkefni og rekið af fyrirtækinu Skólapúlsinn ehf. Vinna við verkefnið hófst árið 2008 en „Skólapúlsinn“ er vefverkefni sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Metnir eru 20 þættir með spurningalista á netinu fyrir nemendur í 6. – 10. bekk sem tekur um 20 mínútur að svara. Niðurstöður um stöðu nemenda eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum

og við landsmeðaltal sem gefur vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Nánar um Skólapúlsinn [hér](#).

Um Kársnesskóla

Kársnesskóli var sameinaður úr Þinghólsskóla og Kársnesskóla árið 2001. Skólinn er heildstæður grunnskóli fyrir börn á grunnskólaaldri eða frá 6 – 16 ára. Á skólaárinu 2024 – 2025 voru um 690 nemendur við nám í skólanum. Starfsemi skólans er starfrækt við Vallargerði í aðalbyggingu þar sem 1. og 4. bekkur er ásamt elsta stigi. Við skólann standa lausar kennslustofur og eru nemendur í 2., 3. 7. bekk í þeim stofum. Við upphaf skólaársins 2021 - 2022 bættust við tvær kennslustofur fyrir stoðþjónustu og frístund skólans. Árið 2023 - 2024 bættust svo við tvær kennslustofur þar sem við kennum íslensku á unglingastigi. Einnig er starfsemi Vinahóls í byggingu á skólalóð. Íþróttahúsið við Holtagerði þjónar nemendum frá 1. - 10. bekk og fer sundkennsla fram í Sundlaug Kópavogs við Borgarholtsbraut. Skólinn hefur enn fremur nýtt sér aðstöðu í Sundlaug Kópavogs og kennt þar minni námshópum á unglingastigi og höfum við líka farið í Smárann og Fagralund með íþróttakennslu nemenda á mið- og unglingastigi.

Kennsla er virka daga frá kl. 8:10 – 14:55 – mismunandi eftir stigum.

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 – 15:30 fjóra daga vikunnar, á föstudögum lokar skrifstofan kl. 14:30. Ritarar skólans eru Elísabet Sverrisdóttir og Guðbjörg Blöndal. Aðalsími skólans er 4414600 og heimasíðan er: www.karsnessskoli.is þar er að finna upplýsingar um skólastarfið og helstu fréttir af því. Skólinn notar vefkerfið Mentor sem gerir forráðamönnum og nemendum kleift að nálgast upplýsingar um stöðu námsmats, ástundun, heimanám og fleira.

Við skólann starfa um 60 kennarar, aðrir starfsmenn eru 52 og stjórnendur sjö. Í mars bættist í stjórnendateymi Gerður Magnúsdóttir sem var ráðin skólastjóri Barnaskóla Kársness. Stjórnunarteymið fundar einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir. Vikufréttir eru sendar á alla starfsmenn með upplýsingum varðandi komandi viku. Starfsmannafundur, kennarafundur/stigsfundir og fræðslufundir eru á miðvikudögum og fimmtudögum kl. 14:30 - 16:00. Upplýsingasíða er einnig á netinu um forföll starfsmanna, matseðil dagsins o.s.frv. Fundaráætlun er birt starfsmönnum í upphafi skólaársins með fyrirvara um breytingar. Fundargerðir eru ritaðar og aðgengilegar starfsfólki á sameiginlegu drifi.

Nefndarfundir og teymisfundir eru skipulagðir af þeim sem þá sækja, flestir kennarar sitja a.m.k. í einni nefnd sem heldur utan um og stýrir faglegu starfi innan skólans. Nefndir skólaárið 2024 – 2025 voru: UT nefnd, innra mat, öryggisnefnd, viðburðar- og skemmtinefnd og nefnd um innleiðingu Leiðsagnarnáms. Nemendaverndarráðsfundir eru annan hvern fimmtudag og eru þeir tveir og skiptast á yngsta og miðstig annars vegar og elsta stig hins vegar. Færð er fundargerð sem telst trúnaðarmál. Skólaráð fundar í 5 skipti yfir skólaárið.

Allir nemendur skólans í 5. – 10. bekk eru með spjaldtölvur og í vetur bættust við bekkjarsettin okkar og nú eiga allir nemendur í skólanum frá 1. – 10. bekk að geta unnið á spjaldtölvur.

Sérstaða skólans

Söguaðferðin (Storyline) er mikið notuð á mið- og yngsta stigi en það er kennsluaðferð, sem er notuð við þemavinnu. Nafn sitt dregur hún af skipulaginu sem er eins og í sögu. Hún hefur ákveðna byrjun, söguþráðurinn skiptist í kafla sem tengjast og síðan er ákveðinn endir. Þegar unnið er með söguaðferðinni er byrjað á að spyrja opinna spurninga til að finna út hvað nemendurnir vita, halda eða geta ímyndað sér. Þetta er oft gert með hugstormun. Kennarinn spyr og nemendur svara. Svörin skrifar kennarinn niður eins hratt og hann getur. Opnar spurningar hafa ekki eitt rétt svar heldur geta svör velt upp ýmsum möguleikum, sem aftur vekja umræður. Tilgangurinn með þessu upphafi er að fá nemendur til að hugsa sjálf, rifja upp eða að reyna að gera sér í hugarlund allt eftir þeirra reynslu og þekkingu. Þegar hugstormuninni er lokið hefjast nemendur handa við að búa til, ræða, eða skrifa um svör við opnu spurningunni. Þegar öllu þessu er lokið fara nemendur og skoða eða lesa um það raunverulega. Stundum skoða þeir það raunverulega á eftir hugstormunninni, áður en þeir skrifa eða teikna.

Þema á elsta stigi

Haustið 2018 hófst þróunarverkefnið Þema á elsta stigi. Sú nýbreytni varð núna í vetur að þemavikur voru settar inn í stað þess að hafa fjórar kennslustundir í hverri viku. Nær allir kennarar á elsta stigi vinna að undirbúningi þema. Viðfangsefnin geta verið af ólíkum toga, þau geta tengst námsefni í mismundandi greinum beint og einnig er reynt að vinna með mikilvæg mállefni líðandi stundar. Þær námsgreinar sem liggja til grundvallar þemanu eru íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsinga- og tæknimennt, auk þess sem lykilhæfni vegur þungt. Aðrar námsgreinar liggja einnig undir ef þurfa þykir. Mismunandi áherslur á hverju ári og milli hvers verkefnis. Markmiðin með þema eru helst þessi:

- Að skapa verkefnamiðað umhverfi sem kveikir áhuga nemenda á náminu, eflir metnað þeirra og ýtir undir aukinn námsárangur.
- Samvinna og fjölbreytni í kennsluháttum.
- Að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Að auka sjálfstæða og skapandi hugsun.
- Að auka samvinnunám.
- Vinna skapandi verkefni í námi og kennslu.
- Að nálgast viðfangsefni, hæfniviðmið og lykilhæfni á annan hátt.
- Samþætting námsgreina.
- Gefa fleiri nemendum tækifæri á að njóta sín.

Skólaárið 2024 – 2025 héldu kennarar á elsta stigi áfram að þjálfra sig í svokölluðu verkefnamiðuðu námi (Project Based Learning). Í verkefnamiðuðu námi eru 21. aldar færnipættir eins og gagnrýnin hugsun, lausnaleyti, frumkvæði, ábyrgð og samvinna

meiginþræðir í verkefnum sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur rannsaka og tengja við. Með þjálfun og menntun kennara í PBL er markmiðið að efla þessa færniþætti og gera nemandann að virkum þátttakanda í samstarfi við aðra nemendur auk þess að efla nemendalýðræði sem gengur út á að nemendur hafi frelsi og val til ákvarðana um eigið nám innan marka námskrár.

Í júnímánuði 2022 fór hópur 10 kennara á mið- og unglingastigi á vikulangt námskeið í Project Based Learning (Verkefnamiðað nám) þar sem áhersla var lögð á að kynna sér hugmyndafræðina og fá síðan tækifæri til að læra og æfa sig gerð slíkra verkefna.

PBL byggir á 5 lykilþáttum sem eru opnar lykilspurningar, raunveruleg vandamál sem nemendur geta tengt við, samvinna og heimsókn sérfræðinga, mismunandi kennsluaðferðir þar sem mismunandi styrkleikar fá að njóta sín og öllum verkefnum líkur með formlegri kynningu þar sem þær lausnir sem nemendur fundu eru kynntar og ræddar.

Skólaárið 2022-2023 var PBL síðan tekið inn í þema af fullum krafti og gekk mjög vel. Skólaárið 2023-2024 héldum við síðan áfram að þróa þessa vinnu.

Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging sjálfsaga (Restitution - Self Discipline)

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem unnið er með í skólanum og miðar að því að efla innri hvata barnanna til að verða góðir og gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Viðurkennt er að allir geta gert mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfstjórn ásamt því að byggja upp sjálfstraust nemenda. *Uppbygging sjálfsaga* leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfsstjórnar og það að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist þannig rétt við aðstæðum. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og uppbyggjandi lausnirog leitast er við að spyrja frekar hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Nánari upplýsingar um stefnuna má finna á heimasíðu félagsins Uppbygging sjálfsaga

<http://uppbygging.is/>

Frístund

Í Frístund sem heitir nú Vinahóll eru 204 börn í 1. – 4. bekk. Starfsmenn eru að meðaltali 11, forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður eru í 100% stöðuhlutfalli en aðrir eru í hlutastörfum. Vinahóll hefur störf í byrjun ágúst fyrir nemendur í verðandi 1. bekk og svo 24. ágúst fyrir eldri nemendur. Börnin eru skráð inn í Vinahól þegar þau mæta og út er þau fara eftir leik og störf. Áhersla er lögð á kurteisi, góða umgengni og uppbyggjandi samskipti fólks og er „Uppeldi til ábyrgðar“ rauður þráður í öllu starfi þar. Einnig er frjáls leikur og markviss útvíst í fyrirrúmi. Daglegt skipulag Vinahóls má sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar barna í

Vinahóls geta séð fréttir úr daglegu starfi á lokaðri Facebook síðu. Í vetur var boðið upp á klúbbastarf fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Skipulagning klúbbastarfsins er í höndum deildarstjóra yngsta stigs og forstöðumanns dægradvalar/Vinahóls. Kennarar í Kársnesskóla sjá um kennslu í klúbbastarfi.

Ýmis verkefni

Grænfáninn

Kársnesskóli er þátttakandi í verkefninu „Skólar á grænni grein“ (Eco Schools Iceland) sem er alþjóðlegt verkefni sem hefur það að markmiði að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Grænfáni er umhverfisviðurkenning sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Gengið er í gegnum sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólar sem taka þátt í verkefninu að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Þessi sjö skref sem talað er um hér að ofan eru ákveðin verkefni sem hafa það að markmiði að efla vitund nemenda, kennara og starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru nýtt inn í kennslustundum með nemendum til dæmis með því að fræða börnin um umhverfið sitt með útikennslu verkefnum og einnig með fræðslu á nytsemi flokkunar á sorpi, en einnig í þeim tilgangi að bæta daglegan rekstur skóla. Reynslan af verkefninu hefur sýnt að þeir skólar sem taka þátt geta sparað talsvert í rekstri. Skólinn fékk afhentan Grænfánann í þriðja sinn vorið 2019 og svo fengum við hann í fjórða sinn í júní 2022. Við flögguðum líka fánanum í fimmta sinn vorið 2024. Ákveðið var að hvíla þetta verkefni skólaárið 2024-2025.

Góðgerðardagurinn

Góðgerðardagurinn var haldinn nú á vordögum og gekk hann mjög vel. Haldin var fjölskylduhátíð í skólanum í maí. Nemendur, foreldrar og kennarar unnu að því að útbúa muni og allskonar góðgæti sem var til sölu í skólanum. Fyrirtæki og velunnarar skólans styrktu Góðgerðardaginn veglega. Nemendur í 7. bekk og list- og verkgreinakennarar skólans hafa veg og vanda af þessum frábæra degi með þátttöku alls skólasamfélagsins. Í ár gerðu nemendur, foreldrar og skólasamfélagið enn betur en nokkru sinni áður og söfnuðu peningum til Minningarsjóðs Bryndísar Klöru. Upp úr peningakössunum komu í ár 1.283.þúsund. Það er hæsta upphæð sem skólinn hefur safnað til þessa. Við vorum sérlega stolt af þessu framlagi.

Umhverfisdagurinn

Einn dagur að vori er tileinkaður umhverfinu okkar, við förum út og hreinsum til í nánasta umhverfinu okkar og vinnum verkefni og fræðumst í tengslum við umhverfis og loftslagsmál. Árið í ár var engin undantekning á því.

Leiðsagnarnám

Skólaárið 2024 – 2025 hófum við innleiðingu á Leiðsagnarnámi. Leiðsagnarnám er kennsluaðferð og námsmat sem leggur áherslu á þróun og framfarir nemenda í stað þess að einblína eingöngu á lokaeinkunnir. Það er hluti af leiðsagnarmati, sem felur í sér að nemendur fá reglulega, uppbyggilega endurgjöf frá kennara og jafnvel samnemendum á meðan þeir eru að læra.

Skólastefna Kársnesskóla

Í grunnskólalögunum frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Hlutverk Kársnesskóla er að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir til að takast á við lífið. Gildi skólans eru: **Virðing, þekking, ábyrgð og ánægja.**



Lestur og lesskilningur

Veturinn 2015 - 2016 var unnið að læsisstefnu Kársnesskóla. Í nefndinni sátu: Edda Lind Ágústsdóttir, Ester Höskuldsdóttir, Kristín Þorsteinsdóttir, Krístrún Júlíusdóttir, Ólöf Á. Guðmundsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Læsisstefnu skólans er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi áætlun bæði fyrir kennara og foreldra. Það auðveldar samvinnu heimilis og skóla og eykur líkur á góðri framvindu nemenda. Mikilvægt er að stuðla að samfelli í lestrarnáminu og gefa skýra sýn á hvert er stefnt og hvaða leiðir á að fara. Læsisstefnan var endurskoðuð 2020 og er í gildi til vors 2025.

Læsisstefnan miðar annars vegar að því að kenna lestur og þjálfar nemendur í lesfimi og hins vegar að efla lesskilning og fá nemendur til að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan og skapandi hátt með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þannig er lögð áhersla á alla þætti læsis; færni í talmáli, lestri og ritun. Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt. Lestur og lestrarkennsla er ferli sem á sér stað alla skólagönguna. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir: „Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar“. Markmiðið er því að við lok skólagöngu í Kársnesskóla hafi allir nemendur náð sinni bestu mögulegu lestrarfærni.

Með læsis stefnunni er leitast við að samræma og skýra mat á árangri nemenda, veita virka eftirfylgni og stuðla þannig að árangri í lestrarnáminu. Við fylgjumst náið með framvindu lestrar og grípum inn í ef grunur leikur á að um lestrarerfiðleika sé að ræða. Nemendur fá þá aukna þjálfun í þeim þáttum sem á þarf að halda og foreldrar/forráðamenn leiðbeiningar um viðeigandi þjálfun og verkefni. Við viljum vera í góðri samvinnu við heimilin og lögð er áhersla á að nemendur lesi heima daglega.

Kennsluaðferðir fyrir lestur eru fjölmargar og í Kársnesskóla notum við hljóðaaðferðina, Byrjendalæsi og Læsi til náms en að auki nýtum við fjölmargar leiðir sem ekki falla undir eina ákveðna aðferð.

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var innleidd skólaárið 2011 – 2012 og er aðferð í lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Börnum með ólíka færni er kennt hlið við hlið sem kallar á mikla samvinnu þeirra á milli en um leið er gætt að þörfum hvers og eins. Notast er við margs konar gæðatexta, þ.e. skáldsögur, ljóð, fræðitexta og námsbækur, til að kveikja áhuga barna, ýta undir ímyndunarafl þeirra og gagnrýna hugsun. Þessir sömu textar eru hafðir til grundvallar í allri vinnu með stafi og hljóð, orðaforða, skilning og ritun (Trausti Jónsson (2008:1). Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms (tákn og hljóð) og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Þvert á þrepin þrjú á sér stað mikill lestur nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur nái góðum tókum á umskráningarfærni fyrir hraða, sjálfvirkni og lestrarlag. Einnig að nemendur tileinki sér góðan orðaforða og skilning á

hugtökum og eflir þannig málskilning, fái tækifæri og þjálfun í að tjá sig á fjölbreyttan máta, bæði í töluðu og rituðu máli. Gengið er út frá því að lestrarkennsla fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar. Lestrarkennsla og lestraraðferðir eru til endurskoðunar á næsta skólaári og þá í Barnaskóla Kársness.

Skólaárið 2013 – 2014 hófst innleiðing á hugmyndafræði Læsi til náms, kennslu í læsi og ritun fyrir 3. – 10. bekk. Í Læsi til náms er líkt og í Byrjendalæsi, lögð áhersla á öflugt málumhverfi, samvinnu og samræðu; að nemendur ræða það efni sem þeir fást við og geti tjáð sig með viðeigandi orðaforða og málsmáli. Viðfangsefnið er brotið til mergjar stig af stigi og nemendur læra markvisst að rannsaka, greina og meta texta og tjá sig um hann eða efni hans.

Nemendur í 1. – 7. bekk lesa daglega hjá umsjónarkennara og/eða fagkennara. Lesturinn er ýmist raddlestur fyrir kennara eða félag, eða hljóðlestur. Þeim skiptum sem nemendur lesa upphátt fækkar með aukinni færni og hljóðlestur kemur þess í stað. Markviss lestrarþjálfun á unglingastigi fer fram í læsis tímum í 8. bekk og í lestrarsprettum, en þess utan fá nemendur þjálfun í öllum námsgreinum og í yndislestri. Samhliða eiginlegri lestrarkennslu þarf að vekja áhuga nemenda á lestri og lesefni. Á yngsta- og miðstigi eiga kennarar að lesa skáldsögur upphátt fyrir nemendur í næðisstundum (og nota hljóðbækur og/eða annað upplesið efni). Á elsta stigi eiga íslensku- og tungumálakennarar að lesa bókmenntatexta fyrir nemendur í bland við að segja frá efni bóka.

Yndislestur er hluti af daglegu starfi og eiga allir nemendur alltaf að vera með lesefni sem þeir geta gripið í milli verkefna auk þeirra föstu stunda sem gefnar eru í yndislestur. Kennarar eiga sömuleiðis að ganga fram með góðu fordæmi og grípa í bækur þegar tilefni gefst og í lestrarstundum bekkjarins. Þá á að hvetja til umræðna um það efni sem nemendur eru að lesa og veita öllum nemendum tækifæri til að segja frá bókum sem þeir hafa lesið eða kynna þær með öðru móti. Kennarar eiga jafnframt sjálfir að kynna og segja frá lesefni með það í huga að kveikja áhuga nemenda. Á hverjum vetri skipuleggur bókasafnsfræðingur í samvinnu við stjórnendur heimsóknir rithöfunda eða skálda í skólann. Í vetur var unnið hlustunaráttak þar sem nemendur unnu með markmið úr aðalnámskrá:

„Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta með athygli og á gagnrýnninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóðmiðlum og túlkað og metið þær með gagnrýni í huga.“ Verkefnið gekk vel og fóru nemendur í 5. bekk með sigur af hólmi og hlustuðu mest á því tímabili sem mælt var.

Nemendur í 4. og 7. bekk taka allir þátt í upplestrarkeppni sem haldin er hvert ár (Stóra upplestrarkeppnin f. 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin f. 4. bekk). Fyrir keppnina æfa nemendur upplestur á lestexta og ljóðum og fá leiðsögn um öndun, líkamsstöðu, skýrmæli, áherslur og hrynjanda. Keppnin hefur skapað jákvætt viðhorf til upplesturs hjá nemendum og foreldrum

Grunnpættir menntunar

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru sex grunnpættir menntunar lagðir til grundvallar það er *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Kársnesskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Mikil vinna var lögð í það, af starfsfólki skólans, að útfæra þessa grunnpætti menntunar fyrir Kársnesskóla.

Heilbrigði og velferð – nálgun Kársnesskóla:

Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og gildum skólans. Nemendum er hjálpað að vera þrautseigari og viljugri að gera betur. Áhersla er lögð á góða umgengni. Hugað er að fjölbreytileika einstaklinganna. Lögð er áhersla á að skólaumhverfið sé notalegt og heilsusamlegt. Áhersla lögð á að halda skyndihjálparnámskeið reglulega. Hugmyndafræði grænna skóla eykur heilbrigði og vellíðan. Áhersla er lögð á útikennslu og útiveru. Nemendum er hjálpað að móta jákvæða og raunsæja sjálfsmynd.

Jafnrétti – nálgun Kársnesskóla Allir eiga jafnan rétt. Allir fá að segja skoðun sína t.d. á bekkjarfundum. Kynfræðsla kennd og umræður skapaðar t.d. varðandi kynhneigð. Auðvelda aðgengi nemenda með skipulögðum ferðum skólarútu. Kynna trúarbrögð með áherslu á hvað er líkt og hvað er ólíkt. Einstaklingsmiðað nám með aðstoð sérkennara og stuðningsfulltrúa. Íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Fundir fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku. Góð móttökuáætlun.

Lýðræði og mannréttindi – nálgun Kársnesskóla Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, reiða sig á eigin dómgreind, treysta hver öðrum og vera tilbúnir til að hlusta. Að spyrja áleitinna spurninga og efla með því gagnrýna hugsun. Að rökræða og rökstyðja og skipta um skoðun ef rökin hníga í aðra átt. Að rannsaka og leita nýrra möguleika.

Til að ná þessum markmiðum eru notaðar eftirfarandi leiðir: Söguaðferðin, samfélagsgreinar, þemavinna, bekkjarfundir, þátttaka í atburðum nærsamfélagsins, Góðgerðardagurinn, Kársneshlaupið, eineltisdagurinn, vinadagurinn og fjáröflun. Hugmyndabanki þar sem nemendur geta sett fram spurningar og komið hugmyndum á framfæri. Nemendaráð skólans hefur verið eflt til muna, samvera á sal og þátttaka nemenda í ýmsum nefndum s.s. Grænfánanefnd.

Læsi – nálgun Kársnesskóla Við viljum örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Við ætlumst til að allir nemendur lesi sér til gagns og gamans heima og í skóla, á öllum stigum. Við viljum að nemendur fái þjálfun í notkun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun. Við vinnum með hugmyndafræði Byrjendalæsis.

Við vinnum með hugmyndafræði Læsi til náms þar sem áhersla er á les- og hugtakaskilning í öllum námsgreinum í þriðja til tíunda bekk. Við beitum greiningaraðferðinni LOGOS, notum niðurstöður skimanna í lok 3. og 7. bekkja þegar búnir eru til læsishópar í 4. bekk og 8. bekk. Við vinnum með söguaðferð á yngsta og miðstigi þar sem nemendur þjálfa m.a. lestur, túlkun, hlustun, ritun og tjáningu. Við tökum þátt í stóru og litlu upplestrarkeppninni í 4. og

7. bekk. Við nýtum okkur spjaldtölvur og aðra tækni til að efla stafrænt- og miðlalæsi. Við lesum upphátt fyrir nemendur á öllum stigum.

Sjálfbærni – nálgun Kársnesskóla Að nemendur læri um sjálfbærni áhrif hennar og tilgang.

Að sjálfbærni endurspeglar í öllu námi og námsgreinum. Að nemendum verði gefinn kostur á þjálfun í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir. Sjálfbærni er unnin í samstarfi við foreldra, heimili og samfélag nær og fjær. Að sjálfbær þróun hafi möguleika á því að verða samfella í skólastarfinu. Að sjálfbærni verði leiðarljós í faglegum hugsunarhætti. Við lok grunnskóla hafi nemendur kynnst sjálfbærni m.a. í gegnum Grænfána, Góðgerðardag, útikennslu, umhverfisdag, söguaðferð, þemavinnu, matarsóunarverkefni, flokkun og endurvinnslu.

Sköpun – nálgun Kársnesskóla

Notaðar eru kennsluaðferðir sem efla sköpun, kalla á þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir, leik, samanburð, samskipti, flutning og miðlun. Í öllum námsgreinum er leitast við að ýta undir sköpun og með því gefast dýrmæt tækifæri til að leiða saman menningarstrauma í síbreytilegu samfélagi. Nemendur á eldri stigum fá tækifæri til sköpunar í gegnum þemanám og hugmyndafræði verkefna miðaðs náms. Mikil sköpun er einnig fólgin í tónlistarkennslu skólans þar sem nemendur fá t.d. tækifæri til að semja sína eigin tónlist.

Á skólaárinu 2017 var farið af stað í vinnu með starfsmönnum skólans við endurskoðun skólastefnunnar ásamt því að rýnt var til framtíðar í breyttu umhverfi skólans. Ingvar Sigurgeirsson stýrði þeirri vinnu ásamt skólastjóra. Unnið hefur verið með þær niðurstöður. Á skólaárinu 2023-2024 hófst vinna við nýja skólastefnu fyrir Kársnesskóla en þeirri vinnu var frestað þegar í ljós kom að Kársnesskóli myndi breytast við stofnun Barnaskóla Kársness.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Gögn sem liggja til grundvallar sjálfsmats eru sambland af meginðlegum og eigindlegum gögnum. Gagna var aflað með spurningalistum, vinnufundum og í formi einstaklingsviðtala bæði formlegra og óformlegra, við foreldra og starfsmenn. Einnig mynda önnur gögn svo sem niðurstöður úr vinnu í nemendaráði á öllum stigum skólans ásamt námsmati grunn að úrvinnslu sjálfsmatsáætlunar. Notast er einnig við ýmsar viðhorfskannanir sem sendar eru út í gegnum Google forms.

Sjálfsmat skólans er unnið í samstarfi við Skólapúlsinn, um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð. Nemendakannanir eru lagðar fyrir tilgreinda hópa í hverjum mánuði. Í lok skólaárs eru heildarniðurstöður teknar saman. Nemendur svara könnun ýmist hjá bekkjarkennara, ritara eða undir leiðsögn annarra starfsmanna. Teymi um innra mat vinnur með niðurstöður og gerir umbótaáætlun. Foreldrakönnun er send út seinnipart vetrar (annað - þriðja hvert ár) á úrtak foreldra og niðurstöður birtast skólanum nokkrum vikum seinna.

Starfsmannakönnun er gerð annað til þriðja hvert ár og taka allir starfsmenn þátt í henni.

Altækt: Sjálfsmat skólans nær til allra þátta skólasamfélagsins samkvæmt skilgreiningu í nýrri aðalnámskrá. Skólapúlsinn er með ákveðnar grunnspurningar en stjórnendur skóla geta bætt við eða framkvæmt kannanir sjálfir. Mismunandi áherslur eru á hverju ári.

Áreiðanlegt: Gögn sem stuðst er við eru niðurstöður og mælingar frá Skólapúlsinum, gögn sem haldið er til haga á hverju ári er varðar nemendur, svo sem námsmat, fjarvistir og fl. Niðurstöður úr viðhorfskönnunum sem skólinn gerir á eigin vegum. Viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsmanna.

Samstarfsmiðað: Skólastjórn kynnir öllum aðilum skólasamfélagsins um fyrirhugaðar kannanir. Skólastjóri er ábyrgðarmaður vinnunnar. Allir aðilar skólasamfélagsins taka þátt í könnunum og umræðum um þær.

Umbótamiðað: Niðurstöður og viðmið um árangur eru kynntar hagsmunaaðilum skólasamfélagsins á ári hverju. Gerð er umbótaáætlun þar sem fram koma þættir sem þurfa úrbætur, áætlun um aðgerðir og ábyrgð. Sjá umbótaáætlun.

Árangursmiðað: Í byrjun skólaárs eru niðurstöður og umbótaáætlun fyrra árs yfirfarnar og þá metið hvaða aðgerðir eru innleiddar og viðhaldið á nýju skólaári.

Lýsandi: Í starfsáætlun skólans kemur fram lýsing á starfsemi skólans sem er í takt við markmið og hlutverk skólans.

Opinbert: Sjálfsmatsskýrsla er alltaf birt á heimasíðu skólans og er uppfærð á hverju hausti.

Eftirfarandi atriði liggja að auki til grundvallar sjálfsmati skólans:

- Starfsmannakönnun þriðja hvert ár á móti foreldrakönnunum.
- Starfsmannaviðtöl einu sinni á ári, oftast ef þurfa þykir.
- Foreldrakaffi, boðið upp á spjall við foreldra allra árganga um skólastarfið - hefur verið á tveggja ára fresti. Rafrænar kannanir þar sem spurt er um viðhorf til starfsins, óskir um áherslur í starfi ofl.
- Nemendakannanir, eineltiskannanir, Skólapúlsinn.

Námsmat

Til að meta frammistöðu og framfarir nemenda í námi er stuðst við fjölbreytt námsmat sem fer fram allt skólaárið, svokallað símat. Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um að námsmat skuli vera fjölbreytt og meta sem flesta þætti. Ýmsar skimanir eru lagðar reglulega fyrir nemendur, í lestri og stafsetningu ásamt könnunum um líðan og samskipti nemenda. Auk þessa meta ýmsir utanaðkomandi aðilar skólastarfið, s.s. OECD sem leggur fram Pisa könnunina og Rannsóknarmiðstöðin Rannsókn og greining sem sérhæfir sig í rannsóknum á högum og líðan ungs fólks bæði á Íslandi og erlendis. Á vordögum 2025 tók Kársnesskóli þátt í Beta prófun á Matsferli. Matsferill er nýtt samræmt námsmatskerfi sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) og Mennta- og barnamálaráðuneytið hafa unnið að. Það kemur í stað samræmdra prófa og felur í sér safn fjölbreyttra matstækja sem ætlað er að gefa heildstæða yfirsýn yfir námsstöðu og framfarir nemenda jafnt og þétt yfir skólagönguna. Skólinn fékk niðurstöður sem notaðar verða til að þróa áframhaldandi vinnu með þeim nemendum sem tóku þátt í þessari forprófun.

Námsmarkmið í læsi

Við upphaf skólagöngu er strax hafist handa við að greina lestrarfærni nemenda. Skimanir og lestrarpróf eru lögð fyrir alla nemendur út alla skólagönguna í þeim tilgangi að fylgjast með stöðu þeirra, hvort þeir taki eðlilegum framförum og veita þjónustu í samræmi við niðurstöður. **Lesfimiþróf** eru lögð fyrir þrisvar á vetri í 1. – 10. bekk. [Hér](#) má nálgast matsviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils.

Námsmarkmiðum í læsi er skipt niður í átta þrep til að auðvelda umsjónarkennurum að fylgjast með árangri hvers nemanda.

1. þrep

Viðmið raddlestrar 0-50 lesin orð á mínútu. Þekkir nafn sitt á ritmáli, tala um myndir í bókum, hlustar á og bregst við sögulestri, velur bækur af ýmsu tagi, þekkir heiti bókstafa, þekkir hljóð bókstafa, finnur fyrsta staf í orði, finnur síðasta staf í orði.

2. þrep Viðmið raddlestrar 50 – 80 lesin orð á mínútu. Getur hljóðað saman samhljóða og sérhljóða, getur hljóðað saman sérhljóða og samhljóða, getur lesið léttan texta, 2 – 5 stafa

orð, velur sér lesefni af ýmsu tagi og á sér upphalds sögur og bækur, aðgreinir yndistexta og fræðitexta, þekkir ljóð og þulur, kann vísur og kvæði, þekkir rím og kann að ríma. Þekkir sögupersónu og umhverfi, uppbyggingu sögu (upphaf, miðja, endir), getur endursagt söguþráð, dregur rétt til stafs og semur texta frá eigin brjósti.

3. þrep

Viðmið raddlestrar 140 lesin orð á mínútu. Hljóðar sig í gegnum orð sem hann þekkir ekki og leiðréttir sig með tilliti til merkingar orða. Les léttan texta, ræður í merkingu orðs út frá samhengi. Les upphátt með áherslum og skilur aðalatriðin í stuttum skýringum og einföldum skilaboðum. Les úr mismunandi myndritum, velur, les og klárar margvíslegt lesefni við hæfi. Les í hljóði í sífellt lengri lotum (15 – 30 mín). Fylgir rituðum fyrirmælum stig af stigi, þekkir kaflaheiti og efnisyfirlit, kann stafrófið og nýtir sér það. Dregur saman og endursegir sögu í rétttri röð, ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu. Spyr spurninga úr efni bókar og tengir lesefni við eigin reynsluheim. Skrifar frásögn með upphafi, miðju og endi og getur skrifað einfaldan útskýringatexta.

4. þrep Viðmið raddlestrar 170 – 200 lesin orð á mínútu. Nemandi les skýrt, áheyrilega og með lipurt og gott flæði í lestri. Les með blæbrigðum, getur lesið meðalpungar bækur og annan texta. Er sjálfstæður í vali lesefnis og velur lesefni eftir getu. Gerir greinarmun á staðreyndum og skáldskap í texta, aflar sér upplýsinga úr bókum og af netinu og les og skilur einfaldar töflur og gröf. Notar lestraraðferð við hæfi (nákvæmnislestur, skimun og leitarlestur), þekkir ólíka flokka bókmennta og gerir greinarmun á höfundum og sögupersónum. Þekkir hugtökin söguþráður, persónur, umhverfi, sjónarhorn og boðskapur og notar dæmi til að styðja við mál sitt (bæði hugmyndir og álit). Beitir hugtökunum rím, kvæði, vísa og ljóðlína rétt og getur notað orðabækur. Sýnir sjálfstæði í að fylgja rituðum fyrirmælum í nokkrum þrepum, semur margskonar texta og leyfir öðrum að njóta hans og getur skrifað léttan fræðitexta.

5. þrep

Viðmið raddlestrar 230 – 300 lesin orð á mínútu. Nemandi velur, les og lýkur við fjölbreyttar bækur, les ólíkar textategundir áheyrilega og á viðeigandi hraða og getur lesið lengi í hljóði (30 – 40 mín). Les úr kortum og myndritum og aflar upplýsinga með viðeigandi aðferð úr ólíkum miðlum (af netinu, úr blöðum, bókum og tímaritum). Greinir aðalatriði í texta og getur endursagt lesið efni munnlega. Setur sér markmið og velur leiðir til að auka færni í lestri. Getur rætt efni og boðskap skáldsögu og lesið milli línanna. Greinir í sundur nokkur frásagnarform bókmennta og getur mælt með bókum við aðra. Skrifar endursagnir úr lesnu efni, semur fjölbreytta texta og getur leyst krossgátur og unnið með orðaleiki.

6. þrep

Viðmið raddlestrar 230 – 300 lesin orð á mínútu. Nemandi les bækur sem hæfa aldri og reyna á færni, les skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og les smásögur, ævintýri, þjóðsögur og ljóð. Býr sér til áætlun um val á lesefni, les sér til ánægju og les og skilur upplýsingatexta. Getur greint aðalatriði og unnið með þau, sýnir sjálfstæði við lestur fjölfræðibóka, efnis á netinu og á öðrum texta til að afla sér upplýsinga og nýta sem heimildir. Safnar upplýsingum

úr flóknari gröfum, töflum, kortum og myndritum, þekkir einkenni þjóðsagna og getur greint þau. Ræðir persónur, boðskap, fléttu og stíl í skáldsögum, getur krufið ókmenntatexta í samvinnu við aðra, getur lesið á milli línanna og þekkir rím, ljóðstafi og hrynjandi. Getur greint einfalt myndmál í texta, beitt grunnatriðum heimildaritunar og samið ólíka texta, ásamt því að bæta orðaforða sinn og málskilning.

7. þrep

Viðmið raddlestrar 230 – 300 lesin orð á mínútu. Nemandi les skáldsögur sem hæfa þroska og aldri og velur fjölbreyttar tegundir bókmenntatexta. Velur krefjandi lesefni og setur sér markmið í lestri getur lesið valda forntexta og lesið og fylgt margvíslegum fyrirmælum. Aflar upplýsinga úr fræðitexta, greinum og öðrum texta og nýtir þær við vinnu, safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr myndritum og kortum og leggur mat á texta og túlkar hann. Beitir grunnatriðum heimildaritunar, semur ólíka texta og bætir orðaforða sinn og málskilning. Greinir tíma, umhverfi, aðal- og aukapersónur, sjónarhorn, sögusvið og boðskap í bókmenntatexta og getur rætt bókmenntatexta og hugtök í hópavinnu. Þekkir myndmál og getur notað það í eigin textagerð. Leitar eftir skoðunum annarra um bókmenntir, beitir gagnrýnni hugsun við mat á bókmenntum og getur beitt grunnatriðum heimildaritunar. Skrifar ólíkar textategundir (eftir fyrirmyndum t.d. höfunda og textategunda) og semur eigin texta og flytur fyrir aðra.

8. þrep

Viðmið raddlestrar er 230 – 300 lesin orð á mínútu. Les bókmenntir ætlaðar unglingum og ungu fólki, leggur mat á þær og túlkar, les krefjandi efni sér til ánægju og gefst ekki upp við lestur krefjandi texta. Velur og skilur fjölbreytt lesefni (dagblöð, tímarit, efni af netinu, skáldskap) og greinir aðal- og aukaatriði í margs konar texta. Velur og notar lestraraðferð við hæfi (nákvæmnislestur, skimun og leitarlestur) og greinir markmið texta (fræðsla, skemmtun, áróður). Les og skilur upplýsingatexta og leiðbeiningatexta (handbækur, neytendaupplýsingar, umsóknir og önnur eyðublöð), safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr fjölbreyttum texta til heimildavinnu og safnar, greinir og nýtir upplýsingar úr myndritum og kortum. Aflar heimilda úr ýmsum gagnasöfnum, les Íslendingasögu í fullri lengd og metur, greinir og túlkar lesmál með gagnrýnum hætti. Les laust og bundið mál áheyrilega þannig að efni og form njóti sín, ástundar lestur og þekkir og beitir helstu bókmenntahugtökum (aðal- og aukapersónur, sögusvið, sögumaður, sjónarhorn, tími og umhverfi, flétta, minni, vísun, og tákn), þekkir hrynjandi, ljóðstafi og rím og getur notað það í eigin verkum. Greinir myndmál og getur beitt því í eigin texta. Hefur skoðun á bókmenntatexta og getur fær rök fyrir henni, getur tengt bókmenntatexta við aðra texta og/eða eigin reynslu. Skrifar ólíkar textategundir og notar viðeigandi málsnið og orð, semur eigin texta og flytur fyrir aðra og tjáir hugmyndir sínar og skoðanir í riti, getur fært rök fyrir máli sínu í riti. Skrifar heimildatexta, vísar til heimilda og skráir þær og raðar efnisgreinum í samhengi.

Allir sem lesa yfir viðmiðum í árgangi teljast góðir lesarar. Hugað er að nemendum sem lesa undir viðmiðum árgangs.

Nemendum í 4. – 8. bekk er raðað í svokallaða læsishópa út frá niðurstöðum hraða- og lesskilningsprófa. Umsjónarkennari ber ábyrgð á því að nemandi sé rétt staðsettur í læsishópi. Hópaskiptingin er metin tvisvar á ári og nemendur þá færðir á milli hópa ef ástæða er til. Hverjum árgangi er skipt upp í að minnsta kosti fjóra hópa og eru læsistímar þrisvar í viku í 4. bekk, tvisvar í viku í 5. – 7. bekk og einu sinni í viku í 8. bekk. Forsendur hópaskiptinga og markið og leiðir í hverjum hópi eru:

Hópur 1 – góðir og öruggir lesarar. Markmið að þjálfar lestrarfærni og lestrarlag, efla lesskilning og æfa áheyrilegan upplestur. Leiðir að þessum markmiðum eru yndislestur, ólíkar lestraraðferðir, samlestur, endurtekinn lestur, ljóðalestur, hlustun, endursögn, skapandi skrif og hugtakakort.

Hópur 2 – nemendur sem eru komnir vel af stað með lestur. Markmið að þjálfar lesfimi og lestrarlag og efla lesskilning. Leiðir að þessum markmiðum eru yndislestur, ólíkar lestraraðferðir, lesskilningsverkefni, samlestur, endurtekinn lestur, ljóðalestur, hlustun, endursögn, skapandi skrif og hugtakakort.

Hópur 3 – nemendur sem hafa ekki náð nægilega góðum tókum á lestri og lesskilningi, þeir geta nýtt vissar aðferðir er þurfa meiri þjálfun til að öðlast öryggi. Markmið er að auka grunnfærni í lestri þ.e. bæði tækni og hraða, að ná færni í að vinna með texta á mismunandi vegu og efla lesskilning. Leiðir að markmiðunum eru lestrarnákvæmni, lesfimi, lesskilningsverkefni, einföld hugtakakort og skapandi skrif.

Hópur 4 – nemendur sem ekki hafa náð tókum á umkóðunarferlinu. Markmið að auka lestrarfærni og ná upp öryggi í umkóðun (að breyta bókstöfum í hljóð) að efla lesskilning. Leiðir að markmiðunum er hlustun, ritun, hljóðkerfisvitund, stafainnlögn, stöfunaraðferð, orðaaðferð, myndlestur, hljóðaaðferð, heildaraðferð, setningaaðferð, markviss málörvun og einföld hugtakakort.

Próf sem lögð eru fyrir nemendur eftir árgöngum

1. bekkur

Læsi – lesskimun er lögð fyrir alla nemendur í árganginum. Sérkennari og umsjónarkennari leggja prófið fyrir. Umsjónarkennari fer yfir prófið og sér um að forráðamenn barnanna fái upplýsingar um niðurstöður, (t.d. í viðtali eða vitnisburði). Nemendur sem hafa ekki forsendur til að taka prófið inn í bekk fá að taka það í námsveri með sérkennara. Umsjónarkennari, sérkennari og deildarstjóri skipuleggja lestrarkennsluna út frá niðurstöðum. Lesskimun er lögð fyrir í október.

Lesfimiþróf – lögð fyrir í september hjá nemendum sem eru komnir af stað í lestri og fyrir alla nemendur í janúar og maí.

Tove Krogh – hugtakaskilningur, talnagildi, formskyn, fínhreyfingar, blýantsgrip, að fara eftir einföldum og síðar nokkuð flóknum fyrirmælum. Um er að ræða hóppróf sem lagt er fyrir nemendur í október.

Yfirlitspróf – stafakannanir eru lagðar fyrir nemendur ef talin er þörf á að meta stöðu nemenda í febrúar og að vori.

2. bekkur

Lesmál – lagt fyrir í apríl.

Lesfimipróf – lögð fyrir í september, janúar og maí.

Yfirlitspróf – stafakannanir eru lagðar fyrir nemendur sem ekki ná viðmiðum í lesfimi. Einnig eru lagðar fyrir kannanir í orðleysulestri og sjónrænum orðaforða ef meta þarf betur stöðu nemenda.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

3. bekkur

Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimipróf lögð fyrir í september, janúar og maí.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

Logos skimun – nemendur sem ekki hafa náð ákveðnum viðmiðum í lesfimi í lok 3. bekkjar eru teknir í Logos lesskimun hjá sérkennara vegna hugsanlegra lestrarörðugleika.

4. bekkur

Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimipróf – lögð fyrir í september, janúar og maí.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir. Umsjónarkennarar fá niðurstöðurnar og nýta þær í vinnu með hópunum sínum.

5. bekkur

Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimipróf – lögð fyrir í september, janúar og maí.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

6. bekkur

Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimiþróf – lögð fyrir í september, janúar og maí.

Logos skimun – lögð fyrir nemendur eftir áramót sem ná ekki ákveðnum viðmiðum í lesfimi.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

7. bekkur

Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimiþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí.

Framsagnarþróf – í apríl.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

8. bekkur Orðarún (lesskilningur) – lagt fyrir í október og febrúar.

Lesfimiþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftast ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

9. bekkur

Framsagnarpróf – í febrúar.

Lesfimiþróf – lagt fyrir í september, janúar og maí.

Eineltiskönnun – lögð fyrir að hausti og vori. Könnunin er unnin í Google forms og fara náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri yfir niðurstöður og kalla til sín gerendur og þolendur sem tilgreindir eru í könnun.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftár ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

10. bekkur

Lesfimiþróf – lögð fyrir í september, janúar og maí.

Tengslakönnun – lögð fyrir einu sinni á vetri og oftár ef þurfa þykir. Umsjónarkennari eða náms- og starfsráðgjafi leggur hana fyrir.

Áhugakönnun – Nemendum býðst að taka áhugakönnunina Bendil að vori.

Einelti

Kársnesskóli starfar eftir viðbragðsáætlun við einelti sem birt er á heimasíðu skólans, áætlunina má nálgast [hér](#). *Allir koma öllum við* eru einkunnarorð okkar. Starfsmenn skólans eru ávallt á varðbergi bæði úti sem inni og fylgjast vel með öllu sem fram fer eins og best verður við komið.

Á hverju ári er tengslakönnun lögð fyrir í öllum bekkjum skólans bæði að hausti sem og vori og mun umsjónarkennari leggja hana fyrir. Nýlega keypti Kársnesskóli forritið Sometic sem auðveldar alla úrvinnslu úr svona könnun og setur fram á myndrænan hátt. Brugðist verður við niðurstöðum þeirra ef ástæða þykir til með samtölum við nemendur og foreldra eftir atvikum.

Stjórnendur

Við skólann voru starfandi skólastjóri, Björg Baldursdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri elsta stigs, Dagmar Kjartansdóttir deildarstjóri yngsta stigs, Elísabet Gunnarsdóttir deildarstjóri miðstigs, Díana Ívarsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Lára Valdís Kristjánsdóttir deildarstjóri upplýsingatækni. Í mars bættist svo við skólastjóri Barnaskóla Kársness, Gerður Magnúsdóttir.

Skólaþróun - teymiskennsla

Strax á haustmánuðum skólaársins 2017 – 2018 fórum við af stað með teymiskennslu á miðstigi. Teymiskennsla felur í sér marga kosti og má þar m.a. nefna meiri sveigjanleika og

fjölbreytni í verkefnum og kennsluháttum. Hægt er að hafa minni hóp og mæta þannig betur ólíkum þörfum nemenda, fleiri kennarar dreifa því kennslunni og ábyrgð á nemendum. Nemendur eru allir í eina og sama hópnum en svo skipt í minni hóp til verkefnavinnu, þannig koma allir nemendur árgangsins öllum kennurum sem þeim sinna við. Félags- tilfinninga- og námsþarfir nemandans eru rædd í teymi kennaranna sem að honum koma þar sem þeir þekkja allir nemandann vel. Í ár höfum við unnið með átta árganga í teymiskennslu og í öllum árgöngum vinnum við í mikilli teymisvinnu kennara.

Nám og kennsla miða að því að ná tilteknum markmiðum, bæði þeim sem grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um og þeim sem nemendur, kennarar og skólinn setja sér. Skýr markmið eru forsenda þess að nemendur taki sjálfir ábyrgð á eigin námi og sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. [Skólanámskrá](#) og [starfsáætlun](#) skólans eru aðgengilegar á vef skólans. Endurskoðun á skólanámskrá og starfsáætlun fer fram reglulega og sjá starfsmenn um endurskoðunina. Umbætur og endurskoðun á árangri einstakra nemenda fer fram jafnt og þétt og er ekki tiltekin hér í þessari skýrslu.

Langtímaáætlun um innra mat í Kársnesskóla 2023 - 2027

Viðfangsefni	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026	2026-2027
--------------	-----------------------------	-----------------------------	-----------------------------	---------------------------

Nám og kennsla

Inntak og árangur	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda		x		x
Framkvæmd skólastefnu		x		x

Stjórnun og skipulag

Skólaþróun og starfsþróun	x	x	x	x
Stjórnun skólans	x		x	
Faglegt samstarf		x		x

Skóladagar nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	x		x	
---	---	--	---	--

Mannauður

Fagmennska starfsfólks	x		X	
Starfsánægja og aðbúnaður	x		x	

Skólabragur

Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla	x		x	

Innra mat

Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x
Framkvæmd innra mats		x		x

Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins og samanburður

Hér að neðan gefur að líta niðurstöður Skólapúlsins í ár miðað við undanfarin ár, að hluta er byggt á þessum niðurstöðum í úrbótaáætlun skólans.

Gerður hefur verið samanburður þau ár sem Skólapúlsinn hefur verið nýttur í innra mati á skólastarfi Kársnesskóla. Hér má sjá þróun síðustu fimm ára í nemendakönnuninni.

Niðurstöður Skólapúlsins skólaárin 2020 – 2025. Gerð er könnun á hverju ári.

	2021 Skólinn	2021 Landið	2022 Skólinn	2022 Landið	2023 Skólinn	2023 Landið	2024 Skólinn	2024 Landið	2025 Skólinn	2025 Landið
Ánægja af lestri	4,6	4,5	4,4	4,4	4,5	4,3	4,4	4,2	4,4	4,2
Þrautseigja í námi	4,9	4,6	4,8	4,5	4,8	4,4	4,7	4,4	4,8	4,5
Áhugi á stærðfræði	4,9	4,8	4,9	4,8	4,8	4,7	4,6	4,5	4,6	4,5
Áhugi á náttúrufræði	4,9	4,7	4,9	4,5	4,6	4,4	4,5	4,2	4,7	4,3
Trú á eigin vinnubrögð	4,6	4,5	4,8	4,4	4,8	4,3	4,6	4,3	4,7	4,4
Trú á eigin námsgetu	4,6	4,5	5,3	4,9	5,2	4,8	5,1	4,8	5,2	4,8
Hlutfall nemenda með snjallsíma	x	x	x	x	x	x	65,5 %	80,3 %	68,9 %	78,9 %
Símanotkun á skólatíma	x	x	x	x	x	x	0,7	0,6	0,7	0,5
Sjálfsálit	4,5	4,2	4,7	4,3	4,7	4,2	4,6	4,3	4,8	4,4
Stjórn á eigin lífi	4,7	4,3	4,8	4,3	4,8	4,2	4,8	4,3	4,9	4,3
Velliðan	4,7	4,4	4,7	4,3	4,9	4,3	4,7	4,4	5,1	4,4
Einelti	5,3	5,6	5,2	5,6	5,1	5,8	5,2	5,8	5,2	5,7
Tíðni eineltis	8,8 %	13,6 %	9,1 %	14,6 %	8,1 %	15 %	7,6 %	15,2 %	8,2 %	15,8 %
Hreyfing	48,9 %	43,7 %	54,9 %	44,4	51,1 %	44,8 %	x	x	x	X
Í mataráskrift	4,7	4,6	4,9	4,6	4,9	4,6	84,1 %	76,9 %	95,2 %	89,2 %
Samsömun við nemendahóp	5,1	4,8	5,2	4,8	5,2	4,7	5,4	4,8	5,5	4,8 %
Samband nem. við kennara	5,2	4,9	5,3	4,8	5,2	4,7	5,0	4,7	5,3	48,8 %
Agi í tímum	4,9	4,9	5,0	4,9	5,0	4,8	5,2	4,7	5,3	4,8
Virk þátttaka nem. í tímum	5,2	5,0	5,1	4,9	5,0	4,8	4,9	4,8	5,0	4,8
Tíðni leiðsagnarmats	5,1	5,0	5,0	4,9	4,9	4,8	4,9	4,8	4,9	4,8

Niðurstöður og samanburður foreldrakönnunar Skólapúlsins árin 2021 - 2025. Gerð er foreldrakönnun 2 – 3 hvert ár. Næsta könnun verður væntanlega 2027.

	2021 Skólinn	2021 Landið	2023 Skólinn	2023 Landið	2025 Skólinn	2025 Landið
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,2	5,1	5,2	5,1	4,7	5,1
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	91,7	87,4	85,5%	86,2%	84,1%	88,5%
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	97,9%	91,4%	91,6%	90,6%	91,8	91%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	81,6%	83,7%	78,4%	82,8%	77%	80,7%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	74,4%	76,5%	66,2%	71%	58,1%	67,1%
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,3	4,7	4,4	4,6	3,9	4,8
Liðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,9%	91,9%	93,2%	89,1%	88,5%	92%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,9%	9%	10,1%	10,5%	5,9%	9%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	61,9	54,5	60%	52,4%	16,7%	57,7%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	61,9	54,9	57,1%	50,3%	16,7%	56,2
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	76,9	76,8	77,8%	73,3%	76,5%	77,1
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,2	5,5	5,0	5,4	4,9%	5,6%
Ánægja foreldra með tómstundapjónustu/frístundaheimili	66,3	58,4	x	x	64,4%	66,6
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	70,9	73,3	61,6%	71,1%	57,8%	72,7%
Notkun á mötuneyti	96,9	89,9	87,6%	87,9%	96,5%	96,3%
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,4	4,6	4,5	4,8	4,2	4,7
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,7	54,7	45,8%	55,8%	37,3%	55,3%
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	51,6	64,3	61,2%	63,3%	55,8%	66,1%
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	87,4	94,4	88,4%	93,2%	91,4%	93,3%
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	62,4	59,7	66,2%	58%	47,3%	53,6%
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	89,3	89,1	88,6%	87,2%	80,9%	87,4%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	85,4	82	81,7%	78,8%	82,7%	77,4%
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,2	71,7	68,2%	69,7%	67%	70,4%
Virgni foreldra í námi barna sinna	5	5	4,7	4,9	4,6	4,9
Væntingar foreldra um háskólanám	78,2	74,2	84,9%	75,9%	90,5%	76,9%
Væntingar foreldra um iðnnám	16,7%	15,5	9,6%	14,2%	6,8%	13,6%
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	3,8	4	4,2	4,4	4,5	4,5
Hæfileg heimavinna	72,2	74,1	74,1%	74%	67,1%	73,3%
Ánægja með COVID viðbrögð	100	95	x	x	x	x

Aðgerðir sem voru til umbóta á síðasta skólaári og mat á þeim

Í Kársnesskóla leggjum við áherslu á þróun skólstarfs og setjum okkur viðmið í ákveðnum þáttum ár hvert eftir því sem fram vindur. Skólinn velur sér ákveðna þætti sem leggja skal áherslu á hvert skólaár sem eru valdir út frá öllum þeim þáttum sem hafa verið taldir upp hér að framan.

Áætlun um umbætur fyrir skólaárið 2024 - 2025 og mat á hvernig til tókst

Við fylgjum langtímaáætlun okkar um innra mat á skólstarfi. Á síðasta skólaári lögðum við áframhaldandi áherslu á forvarnir gegn einelti, þrátt fyrir að við sjáum á mælingum að við höfum náð töluverðum árangri og erum að fara í rétta átt þá viljum við alltaf gera betur.

Nám og kennsla

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri 2025
Gæði kennslu (kennarar)	Að kennarar fræðist og meti gæði kennslustunda hjá sér	Kennarar og stjórnendur	50% kennara hafa fræðst og metið „gæðakennslustund“	Þetta ákvæði gekk ekki eftir
Kynna okkur og taka upp hugmyndafræði Leiðsagnarnáms	Fyrirlestur frá Nönnu Chr. um leiðsagnarnám.	Skólastjórnendur	Allir kennarar hafa kynnt sér þessa hugmyndafræði og tileinkað sér ný vinnubrögð	Þetta var gert og gekk vel. Áframhaldandi á næsta skólári
Vinna markvissar með einstaklings námskrár	Einstaklingsnámskrá r innihalda mælanleg markmið	Deildarstjóri stoðþjónustu, ÍSAT kennarar og sérkennarar	Þeir nemendur sem njóta stoðþjónustu séu með einstaklingsnámskrá	Lokið og gekk vel.
ÍSAT	Setja á fót og þróa gott námsver til að mæta þörfum nemenda með	Deildarstjóri stoðþjónustu, ÍSAT kennarar og sérkennarar	Kársnesskóli mæli ánægju og árangur ÍSAT nemenda og kennara.	Vegna húsnæðismála gekk þetta ekki eftir. Verður

	íslensku sem annað mál			fært yfir á næsta skólaár
--	------------------------	--	--	---------------------------

Einelti

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri 2025
<i>Vinna markvisst með gildi skólans</i>	Setja á dagskrá vinnu með gildi skólans á skapandi hátt	Kennarar og stjórnendur.	Í lok skólaársins hefur verið unnið með gildi skólans	Ekki var unnið markvisst með gildin – fært á næsta skólár
<i>Samskipti á netinu – stafræn borgaravitund</i>	Aukin fræðsla um stafræna borgaravitund	Deildarstjórar og kennarar	Niðurstöður Skólapúlsins, nemenda- og starfsmannaviðtöl.	Gekk upp og gekk vel
<i>Gæsla á göngum skólans og skólalóð</i>	Gæta vel að því að hafa gangavörslu og gæslu á skólalóð vel mannaða. Vel greinanlegt hverjir eru í gæslu.	Húsvörður og stjórnendur	Nemendur upplifa sig örugga á skólalóðinni og þeir sem sinna gæslu eru vel sýnilegir. Mælt í Skólapúlsi	Gekk vel

Skólapróun

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri 2025
<i>innleiða innra - matskerfi Meta Geta</i>	Meta með kerfisbundnari hætti gæði kennslu og ákveðna þætti skólastarfsins	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Matskerfi prufukeyrt og niðurstöður skýrar í lok skólaársins 2024-2025	Fundað var með forsvarsmönnum Meta Geta – þau sögðu að lokum kerfið ekki tilbúið
<i>Upplýsingatækni og persónuvernd efla</i>	Kennarar og starfsmenn taki upp ný vinnubrögð og tileinki sér annað ut umhverfi	Deildarstjóri UT, kennarar og stjórnendur.	Allir kennarar/starfsmenn hafi lokið við að færa öll gögn yfir á tilgreind svæði	Mestallt komið – enn er verið að klára.
<i>Skólastefna</i>	Skólastefnan rýnd og ígrunduð með starfsfólki	Stjórnendur og JP	Allir starfsmenn þekki stefnu skólans og vinni samkvæmt henni.	Skólastefnan tilbúin en ekki komin á endanlegt form – fært yfir á næsta skólaár
<i>Þátttaka í samstarfsverkefni MMS</i>	Innleiðing og þróun Matsferils. Fyrirlögn lesskilningsprófa vorið 2025	Kennarar í 4. - 10.bekk. innleiðing stöðu - og framvinduprófa í lesskilningi	Kennarar hafi lagt fyrir lesskilningsprófin og fengið kynningu og fræðslu um notkun nýrra prófa	Gekk vel, niðurstöður komu í lok skólaársins og verða nýttar á næsta ári

Velferð og líðan nemenda

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri 2025
<i>Undirbúa flutninga og skiptingu skólans</i>	Undirbúa þau rými sem nemendur koma til með að flytja í.	Stjórnendur	Í lok skólaársins verði allir nemendur í vel útbúnum kennslustofum og rýmum í skólanum	Þessu þurfti að fresta því flutningar urðu ekki fyrir en að vori 2025
<i>Unicef-samstarf félagsmiðstöðva r og Vinahóls</i>	Að nemendur verði virkir í ákvörðunartök u að málum sem að þeim snúa.	Verkefnastjórar, kennarar og stjórnendur	Innleiðingaferli hafið	Það verkefni fór seint af stað og kláraðist ekki því verkefnastjóri lét af störfum.
<i>Reglubundnari upplýsingar til foreldra frá skólastjórn</i>	Einu sinni á tveggja mánaða fresti sendi skólastjóri frá sér fréttabréf um stöðuna í skólanum.	Skólastjóri	Að minnsta kosti hafi farið fimm upplýsingapósta r til foreldra/ forráðamanna	Það gekk eftir og fimm upplýsingapósta r fóru til foreldra ásamt upplýsingum á heimasíðu og fb síðu.
<i>Hreyfing</i>	Unnið að því að auka líkamlega hreyfingu allra nemenda í skólanum.	Teymi áhugasamra	Nemendur hafa fengið kynningu á hreyfingu og tækifæri til aukinnar hreyfingar	Íþróttakennarar voru með öflugar kynningar á íþróttastarfi allan veturinn
<i>Símanotkun í skólanum</i>	Stjórnendur ásamt nemendum, kennurum og foreldrum skoði símanotkun í skólanum.	Allir í skólasamfélagin u ásamt skólastjórn	Búið verði að mynda upplýsta, vel rökstudda stefnu varðandi notkun síma í Kársnesskóla	Skerpt var á reglum um símanotkun og hún bönnuð í matsal skólans.

Áætlun um umbætur fyrir árið 2025 - 2026

Hér koma svo þeir þættir sem verða lagðir til grundvallar í áætlun um umbætur skv. langtímaáætlun skólans. Skólinn hefur nú störf sem nýr skóli á gömlum grunni þar sem nemendur í 1.-4.bekk flytja í Barnaskóla Kársness. Skólastjóri fer í námsleyfi og aðstoðarskólastjóri tekur sæti skólastjóra og aðrir stjórnendur verða nýir. Umbótaáætlun tekur því mið að því.

Nám og kennsla

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri um áramót 2025/2026	Mat á árangri í lok skólaárs
<i>Inntak og árangur</i>	Innleiðing nýrra greinasviða aðalnámskrár og námsmat við lok grunnskóla endurskoðað með samræmingu í huga	Skólastjórnendur ásamt teymi um innleiðingu	Allir kennarar og stjórnendur hafi fengið fræðslu og vinni eftir nýjum viðmiðum		
<i>Kennsluhættir og gæði kennslu</i>	Áframhaldandi innleiðing á Leiðsagnarnámi	Teymi um innleiðingu Leiðsagnarnáms	Í lok skólaársins hafi allir kennarar prófað sig áfram og nýtt sér vinnulag		
<i>Skólastefna</i>	Klárað verður að setja stefnuna upp í birtanlegt form – leggja hana fyrst fyrir starfsfólk til umfjöllunar og loks samþykktar	Skólastjórnendur	Stefnan er birt á heimasíðu skólans		

Stjórnun og skipulag

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri um áramót 2025/2026	Mat á árangri í lok skólaárs
<i>Stjórnun skólans</i>	Nýir stjórnendur fá tækifæri til að sinna endurmenntun ásamt því að læra að starfa saman.	Skólastjórnendur	Stjórnendur hafi sinnt þeirri endurmenntun sem í boði er og samstaða sé í hópnum		
<i>Breytingar á stjórnunarmódeli skólans og nýr tengiliður ráðinn</i>	Við stofnun skólans ráðnir inn nýir stjórnendur með önnur hlutverk	Skólastjórnendur	Að vel hafi tekist til að samræma vinnubrögð og taka upp ný þar sem þar var þörf. Nýr tengiliður komin vel á veg með að fylgja málum nemenda eftir		

Mannauður

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri um áramót 2025/2026	Mat á árangri í lok skólaárs
<i>Fagmennska starfsfólks</i>	Kennarar og starfsmenn studdir í endurmenntun. Lögð fyrir spurningakönnun þar sem starfsfólk er spurt hvað það kys að verja sínum endurmenntunartíma	Skólastjóri og aðrir stjórnendur	Kennarar verði spurðir í lok skólaársins hvort þeir hafi skilað inn tilskyldum tíma í endurmenntun og hvort þeim hafi þótt hún nytsamleg		
<i>Starfsánægja og aðbúnaður</i>	Unnið verði úr starfsmannakönnun sem lögð var fyrir á vormánuðum 2025	Skólastjórnendur ásamt starfsmönnum skólans	Í næstu starfsmannakönnun verði starfsánægja fólks metin meiri		

Skólabragur

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri um áramót 2025/2026	Mat á árangri í lok skólaárs
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	Kallað eftir sjónarmiðum og hugmyndum frá foreldrum sem tengist skólastarfinu s.s. kaffihússpjall. Hugmyndir og ábendingar teknar til greina	Kennarar og starfsfólk Kársnesskóla	Búið verði að óska eftir hugmyndum og viðhorfum frá foreldrum í googleforms eða í beinu spjalli		
<i>Unicef - samstarf Ekkó og skólans</i>	Innleidd verður hugmyndafræði Unicef	Verkefnastjóri ásamt teymi	Búið verður að innleiða Unicef fyrsta árið		
<i>Viðmót og menning</i>	Skólinn setji sér skýr markmið og gildi um virðingu fyrir fjölmenningu og jafnrétti	ALLIR	Mat á því hvernig starfsfólki skólans hefur tekist til að fylgja settum markmiðum		

Innra mat

Hvað á að gera	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Viðmið um árangur	Mat á árangri um áramót 2025/2026	Mat á árangri í lok skólaárs
<i>Bæta við fulltrúum hagaðila utan skólans s.s. foreldra í nefnd um innra mat</i>	Fá til liðs fulltrúa foreldra og nemenda.	Innra mats teymi undir stjórn skólastjóra	Fullmannað teymi		
<i>Endurskoða fundaaætlun innramats teymis</i>	Búa til fundaaætlun og setja niður tíma og fundaeefni	Innra mats teymi	Fullbúin fundaaætlun fyrir veturinn með hugmyndum um efni		

<i>Niðurstöður innra mats kynntar og ræddar meðal hagsmuna- aðila</i>	Kynntar niðurstöður innra mats á fundum skólaráðs, kennarafundum og á nemendaráðsfundum	Innra mats teymi	Búið verði að uppfylla allar athugasemdir sem komu fram við úttekt		
---	---	---------------------	---	--	--